



16. ágúst 2005

Tilvísun: 2005080006

Gjaldtaka vegna innmötunar virkjana

Vegna ágreinings um heimildir og útfærslu á gjaldtöku af virkjunum, sérstaklega þeim sem tengjast flutningskerfinu um dreifiveitu skv. 3. mgr. 5. gr. raforkulaga nr. 65/2003 m.s.br., hefur Orkustofnun tekið saman þetta minnisblað um gjaldtöku vegna tengingar og flutning raforku.

Samkvæmt 5. mgr. 12. gr. raforkulaga skal sama gjaldskrá vera fyrir innmötun virkjana á flutningskerfið. Þar sem virkjanir tengjast flutningskerfinu um dreifiveitu skal innmötunargjaldið renna til dreifiveitunnar.

Samkvæmt 8. mgr. sömu greinar skal krefjast greiðslu ef tenging nýrra virkjana við flutningskerfið veldur auknum tilkostnaði annarra notenda kerfisins. Með sama hætti skal taka tillit til þess ef tenging leiðir til hagkvæmari uppbyggingar eða nýtingar flutningskerfisins.

Samsetning gjaldtöku

Orkustofnun telur að gjaldtaka vegna virkjana sem tengjast flutningskerfinu um dreifiveitu geti verið samsett af eftirfarandi þáttum:

Fastur gjaldþáttur vegna innmötunar :

Fast gjald skal að mati Orkustofnunar þannig ákveðið að það mæti að lágmarki kostnaði við raforkumæla og tengdan mælabúnað, úrvinnslu mælinga, gagnaflutning, reikningsgerð, innheimtu og notendabjónustu. Fast gjald má einnig nýta til að mæta afskriftum af kostnaði við tengingu virkjunar, s.s. vegna mismunar á eftirstöðvum af stofnkostnaði og álögðu tengigjaldi.

Innmötunargjald:

Þættir innmötunargjalds eru: a) aflháður þáttur og b) orkuháður þáttur.

Aflháður þáttur er sá hluti gjaldskrárinnar sem ætlaður er fyrir flutnings- eða dreifiveitu til að afla fjár vegna fjárfestinga í veitukerfinu. Stofnkostnaður veitukerfis ræðst fyrst og fremst af flutningsgetu þess. Nær engu breytir hvort kerfið er vel eða illa nýtt, þar sem tapakostnaður er hlutfallslega lítill þáttur í heildarkostnaði veitukerfis. Af þessum ástæðum er talið réttmætt að aflháður þáttur gjaldskrárinnar vegi þungt í heildarinnmötunargjaldi, þó framkvæmd hafi ekki ávallt verið með þeim hætti.

Orkuháðum þætti er fyrst og fremst ætlað að mæta breytilegum rekstrarþáttum veitukerfisins s.s. tapakostnaði. Hluti aflháðs kostnaðar er þó iðulega innheimtur með orkuháðum þætti. Engin skýr regla kveður á um hvernig skipta skuli kostnaði milli aflháðs- og orkuháðs kostnaðar.

Tengigjald:

Að öllu jöfnu ber hverri nýrri virkjun að greiða tengigjald vegna tengingar hennar við flutnings- eða dreifikerfi, ef ljóst er að innmötunargjald nægir ekki fyrir þeim kostnaði sem dreifiveita þarf að ráðast í vegna tengingarinnar og veldur auknum tilkostnaði annarra notenda kerfisins, sbr. 8. mgr. 12. gr. raforkulaga. Tengigjald er eingreiðsla til að mæta kostnaði, í heild eða að hluta, sem kemur til vegna tengingar virkjunar við flutnings- eða dreifikerfi. Við útreikning og ákvörðun tengigjalds skal taka mið af framtíðartekjum flutningsfyrirtækis eða dreifiveitu vegna rekstrar virkjunarinnar ásamt áhrifum af auknum eða minnkuðum töpum í flutnings- eða dreifikerfinu. Tengigjald getur því verið neikvætt (greiðsla virkjunar til flutnings- eða dreifiveitu) eða jákvætt (greiðsla flutnings- eða dreifiveitu til virkjunar).

Niðurstaða

Orkustofnun telur ekki eðlilegt að aðrir gjaldaliðir en að framan greinir séu innheimtir sérstaklega, enda ekki gert ráð fyrir þeim í raforkulögum eða -reglugerð, og telur stofnunin unnt að mæta öllum eðlilegum kostnaði með innheimtu framangreindra gjalda. Þannig er í raforkulögum ekki gert ráð fyrir innheimtu svokallaðs afhendingargjalds með aðskildum hætti. Orkustofnun telur því óheppilegt að slíkt gjald sé innheimt sérstaklega og bendir á að gjaldtaka vegna kostnaðarpáttá sem felldir hafa verið undir afhendingargjald rúmist innan fasts gjaldþáttar innmötunargjalds.

Landsnet hefur birt gjaldskrá fyrir innmötum og úttekt og Orkustofnun hefur ekki gert athugasemd við þá gjaldskrá. Formlega nær sú gjaldskrá einnig til innmötunar virkjana undir 7 MW, ef þær tengdust Landsneti. Engar slíkar virkjanir tengjast Landsneti þó beint og er því sá þáttur gjaldskrárinnar óvirkur. Samkvæmt 5. mgr. 12. gr. raforkulaga er ætlunin að skapa öllum virkjunum sömu aðstöðu varðandi greiðslu innmötunargjalds, óháð staðsetningu. Því er æskilegt að þær dreifiveitur sem taka við rafmagni frá virkjunum samræmi gjaldskrár eftir föngum. Orkustofnun mælist því til þess að umræddar dreifiveitur taki upp samstarf varðandi gerð slíkrar gjaldskrár.